**Sófus og svínið**

**Myndir úr bókinni Sófus og svínið**

# Leonardo da Vinci

(1452-1519)



## Sjálfsmyndir

## Portréttmyndir

Leonardo var líka uppfinningamaður og reyndi meðal annars að finna upp flugdreka g skriðdreka .

Móna Lísa er ein frægasta portréttmynd eftir ítalska listmálarann Leonard da Vinci

Þegar hann var að mála myndina af Mónulísu fékk hann píanóleikara og trúð til að leika listir sýnar svo henni myndi ekki leiðast á meðan hann málaði. Fyrirsætunum leiddist stundum.
Einu sinni var síðan haldið að myndin væri af málaranum sjálfum.

Málverkinu var stolið árið 1911. Húsvörður á Louvre safninu í París stal málverkinu. Var með það hjá sér í 2 ár. Málverkaránið var mjög frægt og fjallað um það í fréttum um allan heim.

Málverkið af Mónu Lísu varð mjög frægt í kjölfarið.

Hún er með órætt bros





Annað frægt verk sem Leonardo málaði var síðasta kvöldmáltíðin.



Skoðið myndina vel. Þarna er Jesú fyrir miðjunni.
Hann var alltaf með tólf lærisveina með sér.
Á myndinni sjást ein eða fleiri konur eða hvað!

# Rembrandt

**(1606 – 1669)**

Hann er Hollenskur, faðir hans var listmálari.





Hann er þekktastur fyrir portrétt myndirnar sem hann málaði þar sem þær sýna vel andstæður ljóss og skugga. Hann málaði margar sjálfsmyndir á mismunandi æviskeiðum.



Rembrandt giftist konu sem var velstæð og þau keyptu stórglæsilegt íbúðarhús við götu sem heitir Jodenbreestraat . Húsið er enn til og er núna kallað litla Rembrandtsafnið.

Þau eignuðust son sem hét Titus en kona Rembrants dó. Þá réði hann barnfóstur fyrir soninn sem hann varð kærastan hans. Þegar hún hætti að vera kærastan hans og barnfóstra réði hann til sín aðra konu sem var þjónustustúlka á heimilið sem var mjög ung 23 ára og vildi verða kærastinn hennar. Hann var þá kallaður fyrir rétt. Hann fékk alvarlega áminningu fyrir að verða kærastinn hennar og var bannað að fara í altarisgöngu í kirkjunni sem þótt mjög alvarlegt á þessum árum. Uppúr þessu fór að halla undan fæti hjá Rembrant og hann lenti í fjárhagskröggum (vandræðum) og þurfti að selja húsið sitt á uppboði. Hann náði að kaupa sér lítið hús.

Rembrant málaði oft sjálfan sig inn í málverkin sem hann gerði. Myndirnar hans sína mjög vel ljós og skugga.





# Johannes Vermeer
# (1632 - 1675)









Stúlka með perlueyrnalokk er olíumálverk eftir Hollenska málarann Johannes Vermeer.

Jóhannes málaði mest fólk sem hann lét stilla sér upp á vinnustofunni sinni í ýmsum hlutverkum sem sýndi stundum lífið innan veggja heimilisins.

Það eru margar ástæður fyrir að málverkið Stúlkan með perlueyrnalokkinn er merkilegt. Sem dæmi má nefna er að enginn veit hver stúlkan er.
Vangaveltur um það hver hún er hefur orðið til þess að búnar hafa verið til bíómyndir og skáldsögur út frá þeim getgátum. Einhver hefur t.d. giskað á að þetta sé dóttir hans sjálfs Jóhannesar Vermeer.

Óvissan um hver stúlkan er stór ástæða þess að málverkið hefur fengið mikla athygli fyrir utan fegurð málverksins að sjálfsögðu. Málverkið hefur verið kallað Móna Lísa norðursins fyrir þessar sakir.

Önnur merkileg staðreynd er að liturinn í túrbaninum sem stúlkan ber var mjög dýr á þeim tíma sem málverkið var málað. Búin til úr efni sem var mjög dýrt og erfitt að fá.







# Vincent van Gogh

(1853-1890)







Hann Málaði myndir í sterkum litum og er nefnt við listastefnu sem kallast síð impressionismi.

Málverkin voru máluð í S-Frakklandi. Hann málaði um 900 myndir á 10 árum.

Hann seldi bara eitt málverk alla sína ævi. Í dag eru málverkin hans mjög verðmæt.

Hann var 37 ára þegar hann lést. Hann var mjög veikur, lifði óheilbrigðu lífi reykti og drakk mikið alkahól. Hann drakk aðallega kaffi og borðaði brauð. Hann var oft veikur og borðaði sjaldan heitar máltíðir. Bróðir Van Gogh lét hann stundum hafa peninga fyrir mat en hann notaði þá til að kaupa sér striga og málningu.

Hann málaði frægustu myndina sína þegar hann var veikur á geði á geðsjúkrahúsi. Málverkið nefnis "Starry night" (Stjörnubjart kvöld")

Van Gogh var andlega veikur í langan tíma og er hann frægur fyrir að hafa skorið af sér eyrað en ein tilgáta listfræðinga og sagnfræðinga um af hverju hann hafi gert það er vegna þess að hann hafi verið að rífast við vin sinn listmálarann Gaugin. Van Gough var þá greinilega ekki í góðu ástandi vegna veikinda og svengdar.





# Edvard Munch

(1863-1944)





Frægt listaverk eftir listmálarann Edvard Munch heitir Ópið hann málaði það árið 1893.





Hann bjó til nokkrar útgáfur af þessu sama málverki, tvö listaverk eitt er geymt á listasafni í Osló – önnur á listasafni í Munich og Sýna mynd: https://blog.britishmuseum.org/10-things-you-may-not-know-about-the-scream/

Málverkinu hefur verið stolið tvisvar sinnum. Fyrst árið 1994 þegar þjófar brutust inn í listasafnið í Osló. Það fannst og því var skilað innan þriggja mánaða. Annarri útgáfu af málverkinu var stolið árið 2004 og fannst ekki aftur fyrr en árið 2006.

Einstaklingurinn á myndinni er ekki öskrandi. Hann er að reyna að útiloka lætin sem umlykja hann.

Norski titill málverksins er nefnilega Skrik (sem gæti verið þýtt sem skrækir eða læti á íslensku.





# Kathe Schmidt Kollwitz

(1881 - 1973)





Käthe Kollwitz



um 1893 Selbstbildnis am Tisch



1910 Selbstbildnis mit der Hand an der Stirn



1912 Selbstbildnis



1915 Selbstbildnis



1921 Selbstbildnis



1922 Selbstbildnis von vorn



1924 Selbstbildnis



1924 Selbstporträt



1934 Selbstbildnis



1938 Selbstbildnis im Profil

Sjálfsmyndir af listakonunni Kate en hún er þekktust fyrir sjálfsmyndir.

Hún er einnig þekkt fyrir kolateikningar sem lýsa lífi fátæks fólks í heimalandi hennar.





# Pablo Picasso

(1881-1973)






Pablo Picasso var spænskur listamálari og myndhöggvari

Hann er einn af þekktustu listamönnum á 20. öldinni.

Stílinn sem hann málaði gjarnan í heitir kúbismi en hann var einn af stofnendum stefnunnar.

Talið er að fyrsta orð Picasso hafi verið pensill eða "piz" sem er stytting af orðinu "lápiz" sem þýðir pensill.

Þegar Mona Lisu var stolið árið 1911 var Picasso um tíma grunaður um að hafa stolið málverkinu.

Portrett af Doru Maar

 

Þessu málverki var stolið fyrir 20 árum. Picaso málaði það árið 1938 Þetta listaverk er af Doru Maar, sem var ástkona Picasso árum saman. Picasso var mikill kvennamaður.





**Fræg verk** eftir Picasso    Þetta heitir Les Demoiselles d'Avignon





Þessi mynd lýsir sprengjuárás á Spáni





# René Magritte

(1898-1967)







Málaði listaverk sem voru mörg mjög fyndin og fær okkur til þess að skoða umhverfið í nýju ljósi.

Málaði í stíl sem kallast súrrealismi.











# Frida Kahlo

(1907-1954)









Sjálfsmynd með þyrnihálsmen og hunangsbríinn

Frida  er frá Mexico og varð þekkt fyrir að vekja mikla athygli á Mexico, menningu þeirra og siðum.

Frida er þekktust fyrir sjálfsmyndirnar sínar.  Hún málaði í stíl sem heitir súrrealismi.  Myndirnar hennar voru í sterkum litum.

Hún var mikill femínisti og barðist fyrir réttindum kvenna.

Frída fékk lömunarveiki þegar hún var barn sem leiddi til fötlunar í fæti. Til þess að fela fótinn sem klæddist hún í síðum litríkum pilsum sem hún varð síðar fræg fyrir.

Hún dó næstum því í strætóslysi þegar hún var unglingur. Hún braut mörg bein og þurfti að dvelja lengi á sjúkrahúsi.

Hún var í gifsi frá toppi til táar en slysið og dvölin á sjúkrahúsinu í kjölfarið varð ástæða þess að hún fór að mála.







# Andy Warhol

(1928-1987)





Hann var Bandarískur myndlistamaður, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður

Hann framleiddi yfir 60 bíómyndir.

Listin hans er í stíl sem kallast popplist og er hann kallaður faðir þessa listastíls.

Hann lærði auglýsingateiknun og útskrifaðist í fagurlist og grafískri hönnun.

Warhol bar silfurlitar og hvítar hárkollur í gegnum tíðina til að fela skallann. Hann  var kaþólsk trúar. Hann skipti um ilmvatn á þriggja mánaða fresti. Þess vegna setti einn vinur hans ilvatnsflösku með í gröfina hans.
Foreldrar hans voru frá Tékklandi en fluttu til Bandaríkjanna.

Warhol gerði margar myndir af frægu fólki.





Hérna er mynd af Marlin Monroe sem var kvikmyndastjarna.
Warhol bjó hana til



John lennon tónlistarmaður í Bítlunum






Auglýsingar sem hann teiknaði og er ein af þekktustu verkum hans.





Listasafn Andy Warhol
í Bandaríkjunum

